

Minnispunktur v. álversins í Straumsvík. Fjárhagsleg áhrif í Hafnarfirði.

Til: Bæjarstjóra

Frá: Sviðsstjóra stjórnsýslusviðs

Dags.: 25.11.2015

Alls nema tekjur til Hafnarfjarðar vegna álversins í Straumsvík, um 2, 4 milljörðum króna. Þar af eru tekjur sem Hafnarfjarðarbær fær til sín um 700 m.kr. og viðskipti álversins við aðila í bænum eru um 1,7 milljarðar króna.

Tekjur Hafnarfjarðarkaupstaðar eru 299,6 m.kr. vegna fasteignagjalda (fasteignaskattur, lóðarleiga vatns- og holræsagjald), um 260 m.kr. vegna útsvarstekna frá starfsmönnum (starfsmenn eru 390 og þar af 198 búsettir í Hafnarfirði), 9 m.kr. styrkur sem varið er til íþróttamála og loks um 170 m.kr. vegna Straumsvíkurhluta Hafnarfjarðarhafnar. Þess skal þó getið að ekki eru allar þessar tekjur Straumsvíkurhafnar sem koma beint frá álverinu en þær tengjast því að stórum hluta, t.d. vegna innflutnings með skipum sem síðan flytja burt afurðir frá álverinu.

Á árinu 2014 þá greiddi álverið í Straumsvík um 1,7 milljarða króna til alls 90 aðila í Hafnarfirði. Af þessum 90 aðilum voru 50 sem voru með viðskipti sem voru 500 þús.kr. eða hærri og voru með um 95% af þeim.

